

tíma í dagvinnu svo og 4. grein hans, sem hefir ákvæði um eftirvinnukaupið.

Af þessu leiðir að „vinnutími“ í upphafi 3ju greinar samningsins verður að skýra, sem „hámarksvinnutíma“ á viku, því sambandið milli klukkustundfjölda á dag og vinnutíma á viku í þessari grein er svo náðið að hvorttveggja verður að skýra á sama hátt. Verður því ekki talið að nokkur heimild finnist í umræddum samningi fyrir lágmarksvinnutímafjölda á viku eða á dag, enda hefði slíkt orðið að vera tekið skýrt fram í samningnum, þar sem um nýmæli mun vera að ræða. Enda er það og þýðingarmikið atriði í sambandi við þetta að í samningnum hefir járníðnaðarmönnum ekki verið tryggður neinn uppsagnarfrestur og því ákveðinn lágmarksstundafjöldi á viku að litlum notum.

Samkv. framansögðu verður því að sýkna kærðan af öllum kröfum kærandans í máli þessu, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem hefir orðið á máli þessu stafar af önnum.

Mánudaginn 30. marz 1936.

Nr. 19/1936. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Jens Árnasyni (Th. B. Lindal)

Áfengislaga og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Barðastrandarsýslu 18. des. 1935:
Kærði, Jens Árnason, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviftur leyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skýrslum vitna þeirra, sem borið hafa í málinu, verður að telja það sannað, að kærði hafi verið með áhrifum áfengis við bílstjórn þann 1. nóv. f. á., og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður og að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jens Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Theódórs B. Línadal, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jens Árnasyni, bifreiðarstjóra á Geirseyri fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða og áfengislaga nr. 33/1935 og eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Hinn 1. nóvember s. l., kom lögreglustjórinn hér að bifreið kærðs þar sem hún var komin út af veginum

stuttu fyrir neðan kirkjuna hér á Patreksfirði. Sat kærður við stýrið og var að knýja bifreiðina afturábak og áfram til þess að reyna að koma henni upp á veginn en þær tilraunir voru árangurslausar. Með því að lögreglustjóranum virtist kærður vera undir áhrifum vins og tilraunir kærðs tilgangslausar tók hann lykilinn úr bifreiðinni og hindraði þannig frekari aðgerðir kærðs. Kærði skýrir svo frá að hann hafi ekið heiman að frá sér og ætlað niður á Vatneyri. Hafi hann ekið á ca. 10—12 km. hraða. Þegar kærði kom niður hjá kirkjunni kveðst hann hafa séð drengnokka, sem var þar rétt við veginn og hafi hann allt í einu stokkið fram á veginn í veg fyrir bifreiðina og svo nærri henni að kærði taldi það ekki öruggt að beita hemlunum. Vék kærði bifreiðinni þá snögg út á vinstri vegkantinn og stöðvaði hana um leið. Slapp drengurinn þannig við bifreiðina. Þegar kærði ætlaði að aka bifreiðinni áfram aftur runnu bæði hjólin vinstra megin út af veginum og lagðist bifreiðin upp að staur, sem er þar rétt neðan við veginn. Kom staurinn á fótbretti bifreiðarinnar og fór það og aurbrettið af henni. Sat bifreiðin þar föst. Kærði kveðst ekki hafa þekkt dreng þann, sem hann telur að hlaupið hafi fyrir bifreiðina.

Kærði neitar því að hafa verið undir áhrifum vins í umrætt skipti. Hinsvegar hefir hann kannast við að hann hafi um hádegi þenna sama dag bragðað um eina matskeið af s. k. „svarta dauða“, en ómögulegt sé að hann hafi getað verið undir áhrifum vins við aksturinn af svo litlu, en það var um kl. 4 að bifreiðin fór út af veginum.

Í máli þessu hafa verið leidd nokkur vitni og skal hér skýrt nokkuð frá framburði þeirra.

Vitnið Ágúst Halldórsson var heima hjá kærðum áður en hann fór að heiman og var honum samferða í bifreiðinni. Vitnið telur að kærði hafi stöðvað bifreiðina rétt fyrir neðan kirkjuna, án þess nokkur hafi hlaupið í veg fyrir hana. Hafi kærður síðan ætlað að bakka henni upp í sundið neðan við kirkjuna og snúa henni síðan við, því ferðinni hafi verið heitið inn að Árbæ. Vitnið telur að kærðum hafi mistekizt að bakka bifreiðinni upp að kirkjunni og þegar hann ók bifreiðinni aftur niður á veginn hafi vinstra framhjólið farið niður fyrir veginn. Hafi kærður samt keyrt bifreiðina áfram svo að aurbrett-

ið rakst á staurinn og fór það og fótbreittið af bifreiðinni við áreksturinn.

Vitnið telur að enginn geti annað sagt en að kærði hafi verið undir áhrifum vins. Hafi þetta komið í ljós heima hjá kærðum meðan þeir voru þar saman, en ekki kveðst vitnið hafa orðið var við að kærði neytti áfengis þann tíma. Vitnið telur að kærður hafi talað þvælulega og hafi drafað í honum. Ennfremur hafi hann riðað í göngulagi áður en hann lagði af stað heiman að frá sér í bifreiðinni og verið voteygur. Vitnið telur að kærði hafi stjórnað bifreiðinni vel niður að kirkjunni en þegar hann reyndi að bakka henni og ók henni aftur niður á veginn hafi honum þótt hann aka tæpt á vegkantinum og hafi hann þá tekið upp stýrið hjá kærðum en á sama augnabliki hafi bifreiðin farið út af veginum.

Vitnið Magnús Snæbjörnsson var að vinna rétt hjá er bifreiðin fór út af veginum. Vitnið segir að kærði hafi ekið hægt niður veginn og stöðvað bifreiðina rétt fyrir neðan kirkjuna. Hafi hann svo bakkað bifreiðinni upp að kirkjunni, en bifreiðin þá rekizt á girðingastaur og henni síðan aftur ekið niður á veginn. Hafi kærður þá aftur reynt að bakka henni en þá hafi vinstra afturhjólið farið niður fyrir veginn. Ók kærði þá bifreiðinni áfram en þá rakst aurbrettið á staurinn og fór það og fótbreittið af.

Vitnið telur kærðan hafa verið mikið undir áhrifum vins og dregur það af því að svo hafi virzt að kærði sæi illa, hann hafi legið máttlaus fram á stýrið eins og hann væri hálf sofandi og drafaði í honum þegar hann talaði.

Vitnið Gísli Snæbjörnsson hefir borið að kærði hafi setið aðgerðarlaus í bifreiðinni þegar hann kom þar að. Vitninu sýndist kærði vera undir áhrifum vins og hann vera valtur á fótum og drafa í honum ef hann vildi segja eitthvað.

Vitnið Viggo Benediktsson telur að kærði hafi verið undir áhrifum vins og dregur það af augum kærðs og að hann hafi knúð bifreiðina fram og aftur til þess að koma henni upp á veginn þótt hún væri í sjálfheldu. Hinsvegar segist vitnið ekki hafa tekið eftir því að göngulag kærðs væri óeðlilegt.

Vitnið Kristján Ingvason telur að kærði hafi verið

undir áhrifum vins því hann hafi verið linmæltur og andlitsdrættirnir óeðlilegir.

Vitnið Snæbjörn Gíslason hefir borið að kærði hafi slagað í göngulagi og áleit hann því að hann hafi verið undir áhrifum vins.

Vitnið Gunnar Bachmann telur kærðan hafa verið deyfðarlegan og hafi hann dottað öðru hvoru fram á stýrið.

Vitnið Andrés Magnússon telur að kærður hafi verið undir áhrifum vins og dregur það af því að kærði hafi reynt að aka bifreiðinni aftur á bak og áfram þótt það sýnilega væri tilgangslaust, að það hafi verið vinlykt af kærðum og sér hafi sýnt hann skjögra dálitið þegar hann gekk upp veginn. Vitnið telur ennfremur að kærði hafi setið í sæti bifreiðarinnar og hafi hann hallað sér út á hliðina inni í stýrishúsinu og hafi hann legið þannig nokkra stund, hreyfingarlaus.

Með framburðum framangreindra vitna, sem kærði hefir tekið gilda sem eiðfestir væru, verður rétturinn að telja sannað að kærður hafi verið við bifreiðaakstur undir áhrifum áfengis og ber að áliti réttarins að heimfæra þetta brot kærða, sem ekki er kunnugt að hafi áður sætt refsingu, undir 5. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða og 21. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs, sem greiðast innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa en ella komi í hennar stað einfalt fangelsi í 10 daga. Það verður ennfremur að svifta kærðan leyfi til þess að stjórna bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja og dæma hann til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

